

LISTIR

Skeggrætt um Don Juan og störf Rimasar Tuminas í Þjóðleikhúskjallaranum

Listin er að kveikja neista

Það er óhætt að segja að neistinn sem Rimas Tuminas kveikti með uppsetningu sinni á Don Juan hafi orðið að báli. Enn var skeggrætt um Don Juan á mánudagskvöldið í Þjóðleikhúskjallaranum. **Þröstur Helgason** var viðstaddur og segir hér frá því athyglisverðasta sem fram kom.

Á MÁNUDAGSKVÖLD var haldin dagskrá á vegum Listaklúbbs Þjóðleikhúskjallarans tileinkuð uppsetningu litháíska leikstjórans Rimasar Tuminas á Don Juan eftir Molière í Þjóðleikhúsinu. Meginefni dagskrárinnar var umræða um störf Rimasar og þá gagnrýni sem sýningin hefur fengið. Ásdís Þórhallsdóttir hafði umsjón með dagskránni en hún starfaði sem aðstoðarleikstjóri og túlkur Rimasar við uppsetninguna. Ásdís fékk í lið með sér fimm leikhúsgesti til að lýsa skoðun sinni á sýningunni og stjórnaði svo almennum umræðum í lok dagskrárinnar sem urðu fjörugar. Það var þó galli á dagskránni að frum-mælendahópurinn, sem samanstóð af Elísabetu Jökulsdóttur, rithöfund, Arnóri Benónýssyni, gagnrýnanda, Silju Aðalsteinsdóttur, bókmenntafræðingi og rithöfund, Guðmundi Andra Thorssyni, rithöfund, og Eddu Heiðrúnu Bachmann, sem leikur hlutverk Elvru í Don Juan, var full einlitur því allir í honum voru mjög ánægðir með sýninguna; var oft haft á

orði að þarna vantaði gagnrýnis-rödd Jóns Viðars Jónssonar úr Dagsljósi en hann var staddur erlendis.

Leikstjórleikhús – bókmenntaleikhús

Mestar umræður spunnust um þann greinarmun sem sumt leikhúsfólk vill gera á leikstjórleikhúsi og bókmenntaleikhúsi sem undirritaður nefndi iðnaðarleikhús í grein í blaðinu fyrir skömmu þar sem það orð sem hér er notað virðist geta komið óorði á bókmenntirnar eins og var reyndar bent á í umræðunni á mánudagskvöld. Sagt hefur verið að sýning Rimasar einkennist af aðferðum leikstjórleikhússins þar sem leikstjóri leggur mikið upp úr túlkun sinni á verkinu. Hefur sumum gagnrýnendum þótt Rimas ganga of langt í útleigingu sinni á verki Molières og jafnvel talið að hér væri um nýtt verk að ræða. Arnór Benónýsson benti á að gagnrýnendum bæri að koma til frumsýningar með opnum huga og án fyrirframgerðra hugmynda um það hvernig



Morgunblaðið/Kristinn

Í UMRÆÐUM um Don Juan-sýningu Þjóðleikhússins var bent á að gagnrýnendum bæri að koma til frumsýningar með opnum huga og án fyrirframgerðra hugmynda um það hvernig „ætti“ að setja upp tiltekið verk, að þeim bæri að rýna í þá leið sem leikstjórinn velur í hvert skipti en ekki að fjalla um þá leið sem þeim fyndist að hann hefði átt að fara.

„ætti“ að setja upp tiltekið verk, að þeim bæri að rýna í þá leið sem leikstjórinn veldi í hvert skipti en ekki að fjalla um þá leið sem þeim fyndist að hann hefði átt að fara. Sjálfur sagðist Arnór vera ánægður með þá leið sem Rimas hefði valið og að honum hefði tekist með aðáunarverðum hætti að útfæra túlkun sína á verkinu.

Silja tók undir þetta og sagðist hafa verið mun ánægðari með þessa sýningu en uppsetningu Rimasar á Mávi Tsjechovs í Þjóðleikhúsinu fyrir tveimur árum, svo virtist sem aðferð hans ætti mun betur við verk Molières en Tsjechovs. Mátti skilja af máli Silju að verk Tsjechovs væri svo mikið bókmenntaverk að sýning í stíl bókmenntaleikhússins, þar sem leikstjórinn leikur aðalhlutverkið en leikstjóri og leikarar reyna að dyljast sem mest, hentaði því betur.

Í framhaldi af þessu var nokkuð rætt um það hvort til væri einhver hefðbundin uppfærsla á verkum eins og Mávinum og Don Juan – en gagnrýnendur fjölmiðla töluðu nokkuð um óhefðbundna túlkun á þessum verkum í sýningum Rimasar. Bent var á að hefð geti mótast af mismunandi uppfærslum á sama verki, hefðin sé ekki endilega hið upphaflega. Í raun sé leikstjóri alltaf að vinna innan hefðarinnar, hann þarf ávallt að taka afstöðu til hennar, samsinna henni eða andmæla. Þannig séu allar sýningar í eðli sínu leikstjórleikhús, byggðar á afstöðu, innsæi og túlkun leikstjóra. Aðgreining í leikstjórleikhús og bókmenntaleikhús sé því óþörf.

Er Don Juan listamaður?

Silja sagðist ekki geta sætt sig við þá hugmynd Rimasar að Don Juan væri listamaður. Henni þætti ekki rétt að kalla þann mann lista-

mann sem dregur stúlkur á talar og kastar þeim svo í burt með brostið hjarta þegar hann hefur fengið það sem hann vill. Jóhann Sigurðarson, sem fer með hlutverk Don Juan, sagði að flagarinn mikli væri sá sem byggir til konur, list hans væri falin í því að sjá hið fagra, lýsa því og þar með skapa; hann kveikir neistann með konunni en hættir svo, þar með er hlutverki hans lokið. Guðmundur Andri lýsti svipaðri hugmynd og sagði að Don Juan væri listamaður sem væri búinn að skapa allt sem hann vildi og því sæjum við hann í raun aldrei að verki í sýningunni.

Bent var á að þetta kallaðist á við vinnuáferðir Rimasar en eins og hann sagði í viðtali við Morgunblaðið fer öll sköpun í leikhúsi fram á æfingátíma, „í okkar huga er mótunarvinnan aðalatriðið, þar fer sköpunin fram; sýningin er í raun aðeins minnisvarði um hana“. Þannig er listin falin í því að kveikja neistann, ekki í bálinu sem hann veldur.

Rimas setji upp Laxness

Elísabet og Edda Heiðrún sögðu frá því hvernig þær hefðu upplifað æfinga- eða sköpunarferlið hjá Rimas, Elísabet sem áhorfandi en Edda Heiðrún sem þátttakandi. Var augljóst af máli þeirra, sem og annarra samstarfsmanna Rimasar, að hann hefur haft mikil áhrif en Edda Heiðrún sagði að vinnan með Rimas hefði verið eins og að sitja í kennslustund um hvernig ætti að setja upp klassískt verk.

Í lok dagskrárinnar var skeggrætt um það hvort Íslendingar myndu þola að leikstjóri eins og Rimas myndi setja upp leikgerð af einhverjum af sögum Halldórs Laxness og beygja hana undir sínar hugmyndir. Voru skoðanir nokkuð skiptar en flestir þó sammála um að hugmyndin væri góð. Ásdís Þórhallsdóttir lauk því dagskránni á því að stinga upp á að Rimas yrði fenginn hingað til lands í þriðja sinn til að fylgja eftir þessari hugmynd og setja til dæmis upp Íslandsklukkuna.

Kjarval: Landið sjálf og fólkíð

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK OG TEIKNINGAR

Jóhannes S. Kjarval. Opíð kl. 10-18 alla daga til maíloka. Aðgangur kr. 300 (gildir á allar sýningar).

ÞAD hefur oft komið fram í myndlistarumræðunni hin síðari ár að við sýningarhald og kynningu á myndlist væri það ekki aðeins listafólkið sem skipti máli, heldur væri sýningarstjórinn ekki síður mikilvægur. Einkum hefur sú skoðun verið áberandi að ef þeir kæmu utanað, þ.e. væru ekki fastráðnir á viðkomandi sýningarvettvangi, kæmu þeir gjarna fram með ferska sýn á listina, kynntu til sögunnar óþekkt sjónarhorn og tengingar, og nálguðust viðfangsefni sitt almennt með öðrum og nýstárlegri hætti en áður hefði verið gert.

Slík aðfengin sýningarstjórn hefur ekki verið algeng á Íslandi, en er nú að verða áberandi þáttur í sýningarstarfi Kjarvalsstaða. Er þar skemmst að minnast sýningar á verkum ungra listamanna á nýliðnu hausti, sem Auður Ólafsdóttir skipulagði, og á nýbyrjuðu ári hefst starfemi Kjarvalsstaða með tveimur slíkum sýningum. Ann-

ars vegar er það samstarf Hannesar Sigurðssonar við þá Komar og Melamid, sem hefur vakið athygli fjölmiðla; hin sýningin hefur notið minni athygli þótt hún sé ekki síður nýstárleg, en þar hefur listamaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson haft alla umsjón með nýrri sýningu á verkum Jóhannesar S. Kjarval.

Í ávarpi til sýningargesta bendir Helgi Þorgils á að hjá Kjarval sé í raun enginn munur á hrauninu og veðurbörðu fólkinu og hugmyndum um huldurheima sem verða til þar á milli; öllu þessu megi í raun líkja við fjölbreytni veðursins, sem þó er allt af einum meid, þ.e. af landinu sjálfu. Og sjálfstæði þessa lands býr örugglega djúpt í listamanninum, líkt og í þjóðlistamönnum annarra landa.

Vegna þessa hefur Helgi Þorgils kosið að raða ekki upp meistaraverkum Kjarvals – þó nokkur þekkt verk hans séu hér með, en í góðu samhengi við annað – heldur að leita fyrst og fremst fanga í þeim mikla fjársjóði teikninga sem hann gaf Reykjavíkurborg 1968, og lýsa betur en nokkuð annað þeirri vinnugleði og fjölbreyttu mynd-sýn sem einkenndi Kjarval alla tíð. En jafnframt valdi sýningarstjórinn ekkert af því sem þegar hefur verið rammað inn og áður sýnt opinberlega; samt voru þús- undir mynda eftir til að velja úr.



Jóhannes S. Kjarval



Helgi Þorgils Friðjónsson

Árangurinn er afar fjölbreytt sýning á verkum sem tengjast öllum helstu viðfangsefnum meistarans – andlitsmyndir barna sem fullorðinna, landslagsteikningar, fuglamyndir, huldurverur og þjóðsagnadýr, mynstur og vísur, þekkt fjöll og ókunnar mosapemur. Þetta er unnið með bleki, vaxlitum, blýanti, tússi eða kúlupenna á pappír, umslög, innkaupapoka, reikninga, víxleyðublöð, smjörpappír og plast – hvað sem hendi er næst hverju sinni þegar eitthvað þurfti að teikna.

Mikilvægustu skilaboð þessarar sýningar eru ekki fólgin í einstökum verkum hennar, heldur í heildinni og þeirri mynd af einstökum manni lands og lýðs, sem

þar kemur til skila. Þetta bendir Helgi Þorgils skilmerkilega á í lokaorðunum í sínu ávarpi:

„Ef við setjum hvalasöguna, ljóðin, nokkur sendibréf, umræður um arkitektúr, hraunmyndir, portrettmyndir, uppstillingar, hattinn og furðusögurnar um hann sjálfan í einn pott og hrærum, þá kemur út

einn Kjarval, einskonar mynd eða skúlptúr, sem skilar boðskap um samúð og nærgætni gagnvart öllu lífi og tilfinningu og umhyggju fyrir umhverfinu sem það líf býr í.“

Er nokkru við þetta að bæta? Aðdáendur Kjarvals finna hér enn betur en fyrr þann kraft, sem list hans býr yfir, og aðrir fá hér óvenju gott tækifæri til að kynntast listamanninum og fjölbreyttum verkum hans. Því það er rétt ályktun, sem sýningarstjórinn hefur haft að leiðarljósi: Styrkur Kjarvals sem listamanns liggur ekki í fáeinum óumdeildum meistaraverkum, heldur í litrófi þeirrar heildar, sem varð til á langri starfsævi.

Eiríkur Þorláksson

Einsöngs- tónleikar Sigríðar Aðalsteinsdóttur

SIGRÍÐUR Aðalsteinsdóttir mezzosópran og Iwona Jagla píanóleikari halda einsöngstónleika í Listasafni



Sigríður Aðalsteinsdóttir

Sigurjóns, Laugar-nestanga, annað kvöld, 18. janúar, kl. 20.30. Aðgangur að tónleikum er ókeypis.

Á efnisskránni eru íslensk sönglög eftir Markús Kristjánsson og Sigvalda Kaldalóns, norræn ljóð eftir Sjöberg og Grieg og Sígaunljóð op. 103 eftir Brahms. Ennfremur ariá úr Stabat Mater eftir Pergolesi og óperuaríur úr Dido and Aeneas eftir Purcell, La Favorita eftir Donizetti og The Consul eftir Menotti.

Sigríður lauk fyrri hluta burtfararprófs frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1995. Tónleikarnir eru lokaáfangi burtfararprófs hennar frá Söngskólanum í Reykjavík.

Sigríður er félagi í Kór Íslensku óperunnar og hlaut í fyrra tvo styrki til framhaldsnáms; styrk frá Líðveislusparisjóðsins í Keflavík og styrk til framhaldsnáms úr sjóði Einsöngvaradeildar Félags íslenskra leikara. Hún er nú við nám við óperudeild Tónlistarskóla Vínarborgar.

Iwona Jagla píanóleikari er af pólskum ættum og hefur verið búsett hér á landi síðastliðin 5 ár.